

**Akureyrarbær, skipulagssvið**

Geislagötu 9
600 Akureyri

Skipulags- og matslýsing vegna Dalvíkurlínu 2, umsögn

Yðar tilvísun:

Vegagerðin hefur farið yfir skipulags- og matslýsingu fyrir Dalvíkurlínu 3 skv. tölvupóstum dags. 21.12.2021 (Dalvíkurbyggð) og 30.12.2021 (Hörgársveit og Akureyrarbær). Samhljómandi umsögn er send á öll sveitarfélög.

Vegagerðin er að skoða möguleika á framtíðarlegu Hringvegar í Hörgársveit, frá Ólafsfjarðarvegi til Akureyrar, í tengslum við vinnu vegna aðalskipulags Hörgársveitar. Verða mögulegar leiðir kynntar sveitarfélaginu á næstunni. Samráð á milli Landsnets og Vegagerðarinnar varðandi þetta er hafið.

Ekki eru gerðar athugasemdir við staðsetningu Dalvíkurlínu 1 á aðalskipulagi en við nánari hönnun þarf staðsetning að taka tillit til framtíðarhönnunar vegarins og fjarlægðar á milli línu og vegar. Þetta á við um bæði Hringveg og Ólafsfjarðarveg. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Veghelgunarsvæði stofnvega er 30 m breitt, til hvorrar handar frá miðlínu vegar. Öryggissvæði er næst vegi og um það gilda sérstakar reglur, verði rask innan öryggissvæðis sem Vegagerðin skilgreinir má búast við að farið fram á að lokafrágang samkvæmt þeim reglum.

Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils.

Síða 1 / 1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Magnús Björnsson

Undirskrift
